



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á málþingi um kynferðisofbeldi og
önnur áföll á Íslandi**

**Háskólanum í Reykjavík
22. maí 2024**

Ágætu ráðstefnugestir.

Ég þakka öllum sem koma að þessum viðburði – þessum mikilvæga og þarfa viðburði. Ég nefni þá helst vísindafólk hér við Háskólann í Reykjavík en einnig Rannsóknarsjóð Íslands og Jafnréttissjóð, auk félags- og vinnumálaráðuneytisins.

Í fullkomnum heimi eru engin kynferðisbrot framin. Munum við einhvern tímann njóta þess að búa í samfélagi þar sem engar nauðganir verða, ekkert kynferðisofbeldi, engin fórnarlömb sem þjást eftir skelfilega glæpi? Kannski er það fyrirheitna land talsýn en þangað skulum við samt stefna. Stundum er það ferðalagið sjálft sem skiptir öllu, ekki endilega áfangastaðurinn í óraðri framtíð.

Á þeirri vegferð þurfum við að styðja öll þau sem verða fyrir ofbeldi í okkar ófullkomnu veröld. Og við þurfum rannsóknir eins og þær sem hér verða kynntar í dag.

Enginn á að þurfa að þola árás á líkama og sál, allra síst í saklausri æsku en að sjálfsögðu út ævina alla. Við hljótum að fyllast reiði þegar við heyrum af hvers kyns kynferðisglæpum. Ég minnst þess að hafa sagt sjálfur fyrir nokkrum árum að mörg okkar vilji þá helst loka hinn seka inni til frambúðar – en botnaði líka þá setningu með því að segja að við hljótum líka að vilja búa í réttarríki. Við þurfum viðurlög í þeim anda en við þurfum líka að leita allra leiða til að styðja við fólk eftir frekleg brot sem hljóta að geta valdið djúpri vanlíðan, sársauka og sorg.

Á þessari ráðstefnu verða rannsóknir kynntar sem lúta að áhrifum og afleiðingum kynferðisofbeldis og annarra áfalla á líf fólks á Íslandi. Þið sem að henni standið og komið hér fram eigið öll þakkir skildar. Mér þykir leitt að geta ekki setið og hlustað, því ráða aðrar annir en ég ítreka hversu brýnn ykkar starfi er. Vissulega dugir hann ekki til einn og sér en hér aflast vitneskja, hér fæst grunnur fyrir frekara starf. Saman þurfum við að ráðast að rót vandans, gera allt sem í okkar valdi stendur til að fækka kynferðisglæpum. Það gerum við með aðgæslu og eftirliti, meðferð til að minnka afbrotahæðun. Það gerum við með því að þola engar afsakanir fyrir kynferðisofbeldi, með því að finna og sækja fólk til saka sem brýtur af sér. Og loks stömmum við stigu við ofbeldi með því að sinna forvörnum og fræðslu.

Allt þetta er sjálfsagt og má vísast orða á marga vegu. Ég lýk máli mínu hér með því að vitna í sterkt prósaljóð Elísabetar Jökulsdóttur um það sem má og má ekki, um það sem ætti að vera sjálfsagt en er það ekki endilega:

Það eru allskonar venjulegir menn,
jafnvel vinir mínir,
að kvarta undan þessari „me too“ bylgju sem er í gangi.

Þeir segja:

„Ekkert má maður“ og „hvað má eiginlega“
og „ekkert má maður lengur“.

Við þá vil ég segja, það má ekkert, maður biður um leyfi fyrir öllu:

Má ég sýna þér hvað ég er að skrifa?

Má ég fá tannkremið, má ég fá mjólkina?

Má ég vitna í þig?

Má ég kíkjá í heimsókn?

Má ég knúsa þig, má ég fá lánaða húfuna þína?

Kæru vinir: Ég ítreka þakkir mínar til ykkar og óska ykkur velfarnaðar í samfélagsþágu.